

Hverfisráð Hríseyjar

24. fundur

Ár 2008, þriðjudaginn 10. júní kl.18:00 var 24. fundur Hverfisráðs í Hrísey haldinn í Hlein.

Á fundinn mættu: Kristinn Árnason, Aðalsteinn Bergdal, Linda M. Ásgeirsdóttir og Þorgeir Jónsson.

Dagskrá:

- 1. Bréf til Vegagerðar vegna ferjuferða**
Hverfisráð ákvað að senda bréf til Samgönguráðuneytisins og afrit til Vegagerðarinnar og bæjarstjórnans á Akuareyri
- 2. Bæklingur**
Þorgeir tekur að sér að tala við Pawel um þýðingu og hefur samband við formann þegar sú vinna er að baki.
- 3. Önnur mál.**
 1. Stigi niður í Sæborgarfjöru er komin í ferli.
 2. Rætt um ljósleiðara til Hríseyjar og einnig um að kanna áhuga yfirvalda til að bæta þetta. Við teljum að þetta muni hamla búsetu í Hrísey með tilliti til fjarvinnslu og náms.
Formaður tekur að sér að senda bréf til bæjarráðs varðandi málið.
 3. Endurnýja þarf pall við sviðið, skoða þarf hver sér um þessi mál hjá bænum. Þetta þarf að gerast fyrir fjölskylduhátíð.
 4. Höfnin í Hrísey. Viðhald við höfnina þarf að skoða. Mikil þörf er á að yfirfara dekk og annað. Kanna það að fá bláfána fyrir höfnina og skoða með aðstöðu fyrir Nökkva og steypa plan við vigtarskúr.
 5. Vegir í Hrísey. Skoða Lambhagaveg - Hjallaveg, þeir þarfnast viðgerða (er það Vegagerðin?) Klára þarf að leggja á ýmsa vegi s.s. búi frá Hvammi að áhaldahúsi. Skoða líka hafnargarðinn hvort hægt sé að leggja á hann. (höfnin) Vitavegur út að hliði þarfnast lagfæringar.
 6. Umferðamál. Taka þarf þessi mál föstum tókum. Boða Felix á fund – hvernig er með vistgötunarnar?? hvar er það mál statt. Nauðsynlegt að fá stöðvunarskyldu við Lárubrekku.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:30

Kristinn Fr. Árnason

Linda María Ásgeirsdóttir

Aðalsteinn Bergdal

Þorgeir Jónsson

Fundargerð rituð af Lindu Maríu Ásgeirsdóttur
og skráð í tölvu af Guðrínu Kristjánsdóttur